



**ADHD  
samtökin**

**Ársskýrsla  
2006**

## Ársskýrsla ADHD samtakanna fyrir árið 2006

ADHD samtökin hafa á þessu ári starfað í 19 ár. Þegar við horfum yfir farinn veg þá sjáum við að mörg verkefni samtakanna eiga góðu gengi að fagna.

Upplýsinga- og fræðslubjónusta samtakanna er hinn daglegi vettvangur samskipta við félagsmenn og aðra sem til samtakanna leita alla virka daga.

Samtökin hafa fengið mjög góð viðbrögð á nýju vefsíðuna og vinna við að þróa vefsíðuna heldur áfram. Útgáfumálin hafa verið í nokkuð góðu gengi. En auðvitað má alltaf gera betur og væntanlega þurfa samtökin að fara að huga að útgáfu og þýðingu fræðirits um ADHD og útgáfu um ADHD hjá fullorðnum.

Samstarf samtakanna við önnur hagsmunafélög barna með sérþarfir um stofnun og rekstur Sjónarhóls ráðgjafarmiðstöðvar markaði tímamót í sögu samtakanna. Sjónarhóll hefur sannað gildi sitt og fékk nýverið samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í floknum “Framlag til æskulýðsmála”. Foreldrar barna með ADHD og skyldar raskanir hafa verið um 40% þeirra sem leitað hafa til Sjónarhóls fyrstu 3 árin. Hjá þessum hóp hafa skólamál barnanna verið helsta ástæða komu. Ráðning sálfræðings til að sinna greiningum fullorðinna var einnig stórt skref á sínum tíma, sem kom til af brýnni nauðsyn. Hin ýmsu námskeið, sjálfshjálparfundir og fræðslufundir eru yfirleitt vel sótt bæði hjá foreldrum og fullorðnum. Stjórn samtakanna reynir eftir bestu getu að haga fræðslu og námskeiðum í takt við þarfir félagsmanna á hverjum tíma. Allar ábendingar frá félagsmönnum eru alltaf vel þegnar.

Stefna ADHD samtakanna sem mótuð var á síðasta ári um að beina kröftum samtakanna að því að koma fræðslu um ADHD á framfæri til allra þeirra sem vinna með börnum og unglíngum hefur m.a. verið komið í framkvæmd með námskeiðinu Skólaganga barna með ADHD fyrir kennara og annað starfsfólk grunnskóla sem skipulagt var á síðustu önn og aftur á þessari vorönn 2007. Sú ánægjulega þróun hefur ennfremur átt sér stað að Kennaraháskóli Íslands leitaði til undirritaðs formanns samtakanna til að halda erindi um ADHD fyrir fyrsta árs kennaranema í KHÍ, einnig var leitað til Gylfa Jóns Gylfasonar yfirsálfræðings á skólaskrifstofu Reykjanesbæjar sem fjallaði um kennslu barna með ADHD. Er það von okkar að í framtíðinni munum við geta komið mun meiri fræðslu um börn með ADHD á framfæri í kennaranáminu.

Stefna samtakanna hefur jafnframt verið að styrkja starfsemi samtakanna út á landsbyggðinni. Nú með því fjármagni sem safnaðist í styrktarátaki Sparisjóðsins “Þú velur Sparisjóðurinn gefur” í lok ársins 2006 eru samtökin betur í stakk búin en oft áður til að efla starfið á landsbyggðinni.

Yfirlit yfir það helsta í starfi samtakanna á árinu 2006 :

- Stjórn samtakanna tók ekki miklum breytingum.
- Fræðslufundir ADHD samtakanna voru fjórir á árinu og flestir vel sóttir.
- Fræðslunámskeið fyrir foreldra á vegum Eirðar og ADHD samtakanna var haldið haustið 2006.

- Námskeiðið Skólaganga barna með athyglisbrest og ofvirkni fyrir kennara og annað starfsfólk grunnskóla haldið í fyrsta sinn á haustönn 2006.
- Hópastarf og námskeið; sjálfsstyrkingarnámskeið og sjálfshjálparfundir.
- Greiningar fullorðinna; verkefnið gengur vel.
- Nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins endurskoðar málefni barna og unglunga með ADHD.
- Ráðgjafarmiðstöðin Sjónarhóll; reksturinn tryggður til næstu þriggja ára.
- Kristjana B. Svansdóttir fékk styrk til að stunda fjarnám í ADHD coaching.
- Tveir fulltrúar stjórnar fóru á samnorrænan fund í Kaupmannahöfn í maí 2006.
- Helstu styrktaraðilar ADHD samtakanna á árinu 2006.

### **Stjórn samtakanna**

Á aðalfundi ADHD samtakanna í mars 2006 urðu þær breytingar á stjórninni að Bergljót Guðmundsdóttir gaf ekki áfram kost á sér, í staðinn var Björk Þórarinsdóttir varamaður kjörin aðalmaður í stjórn. Arnór Már Músson var kjörinn varamaður til eins árs ásamt Styrkár R. Hjálmarssyni. Undirrituð Ingibjörg Karlsdóttir hlaut áframhaldandi formannskjör. Stjórnin skipti með sér verkum þannig að Sigríður Jónsdóttir var varaformaður og Björk Þórarinsdóttir var gjaldkeri samtakanna og Ása Ásgeirsdóttir var ritari stjórnar.

### **Fræðslufundir samtakanna**

Fræðslufundir ADHD samtakanna voru fjórir á árinu og flestir vel sóttir. Umfjöllunarefni fundanna var eftirfarandi :

- Fyrsti fræðslufundur ársins í mars fjallaði um “athyglisbrest, kvíða og þunglyndi”, fyrirlesari var Málfríður Lorange taugasálfræðingur á BUGL.
- Annar fræðslufundur ársins fjallaði um “hvað er ADHD coaching”, fyrirlesari var Sigríður Jónsdóttir ADHD coach.
- Þriðji fræðslufundur ársins í okt. fjallaði “athyglisbrest og ofvirkni hjá unglungum”, fyrir unglunga, fyrirlesari var Haukur Haraldsson sálfræðingur
- Síðasti fræðslufundurinn á árinu fjallaði um “tölvunotkun barna og unglunga með ADHD” fyrirlesari var Haukur Haraldsson sálfræðingur.

### **Fræðslunámskeið**

Fræðslunámskeið fyrir foreldra barna með ADHD var haldið í nóvember í samvinnu við Fræðslu- og ráðgjafarþjónustuna Eirð og var námskeiðið ágætlega sótt af foreldrum. Samkvæmt matsblöðum voru foreldrar yfirleitt nokkuð ánægðir með flesta fyrirlestrana hvað varðar gagnsemi og framsetningu.

### **Námskeiðið Skólaganga barna með athyglisbrest og ofvirkni**

Námskeiðið er fyrir kennara og annað starfsfólk grunnskóla og var haldið í fyrsta skipti í okt. og nóv. 2006 í Gerðubergi. Alls sóttu námskeiðið um 80 manns mest megnis grunnskólakennarar. Námskeiðið samanstendur af 5 fyrirlestrum og tekur 10 tíma í allt með skipulagi sem tíðkast við fullorðinsfræðslu, þ.e. hópavinnu og

góðum tíma í umræður. Að námskeiðinu stendur samstarfshópur fulltrúa frá ADHD samtökunum, Símenntunarstofnun KHÍ, Félagi grunnskólakennara, SAMFOK, Heimili og skóla, Skólustjórafélagi Reykjavíkur og Eirð fræðslu- og ráðgjafarþjónustu. Skráning fór fram hjá Símenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands, á vef <http://simennt.khi.is> . Námskeiðsmat kom vel út.

### **Hópastarf og sjálfshjálparfundir**

Ýmislegt hópastarf og fundir var skipulagt á árinu s.s. :

- Sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir karla með ADHD var haldið á vorönn. Leiðbeinendur voru Rúnar Helgi Andrason og Haukur Haraldsson sálfræðingar.
- Sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir konur með ADHD var haldið á haustönn. Leiðbeinandi var Ágústa Gunnarsdóttir sálfræðingur.
- Sjálfshjálparfundir fullorðinna með ADHD voru í gangi vikulega nánast allt árið í umsjá Sigríðar Jónsdóttur.
- Skipulagt var námskeið fyrir unglunga með ADHD en ekki varð nóg aðsókn.
- Hæ hópurinn fyrir félagslega einangruð börn í 4. – 7. bekk var starfræktur í samstarfi við þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis á vorönn 2006. Alls tóku 10 börn þátt í hópstarfinu sem var vikulega í 10 skipti. Hópstjórar voru Guðrún Anna Auðunsdóttir nemi í tómsundafræði í HÍ og Vilborg Þórarinsdóttir kennari og nemi í lögfræði í HÍ.

### **Greiningar fullorðinna**

Verkefnið gengur vel. Alls hafa um 65 einstaklingar komið í greiningu hjá Ágústu Gunnarsdóttur sálfræðing á árinu 2006. Fólkið er á aldrinum 16 – 69 ára. Anna Rós Jensdóttir sér um umsýsluna í kringum verkefnið og hafa vönduð vinnubrögð þeirra beggja Ágústu og Önnu Rósar við þetta verkefni aukið enn á góðan orðstír samtakanna. Ljóst er að þörfin fyrir þessa þjónustu var fyrir hendi þar sem Ágústa hefur að jafnaði verið bókuð 2 mánuði fram í tímann.

### **Nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins endurskoðar málefni barna og unglunga með ADHD**

Félagsmálaráðherra hefur skipað nefnd sem fjallar um hvernig bæta megi þjónustu við börn og unglunga með ADHD eða athyglisbrest, óvirkni og koma með tillögur til úrbóta. Eftirfarandi aðilar skipa í nefndina :

Þór Þórarinsson, félagsmálaráðuneyti, formaður

Sveinn Magnússon, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Tómas Jónsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Kristín Kristmundsdóttir, tilnefnd af BUGL

Ingibjörg Karlsdóttir, tilnefnd af ADHD samtökunum

Ásgerður Ólafsdóttir, tilnefnd af menntamálaráðuneytinu

Stefán J. Hreiðarsson tilnefndur af Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Nefndin hefur hafið störf og munu ýmsir aðilar verða kallaðir fyrir nefndina til að leita álits þeirra.

### **Sjónarhóll ráðgjafarmiðstöð**

Sjónarhóll, ráðgjafarmiðstöð fyrir fjölskyldur barna með sérþarfir, hefur endurnýjað samning sinn við félagsmálaráðuneytið til næstu þriggja ára. Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra og Andrés Ragnarsson stjórnarformaður Sjónarhóls staðfestu áframhaldandi samstarf með undirritun fyrirheita þann 29. nóv. 2006. Ríkisstjórnin er stærsti stuðningsaðili Sjónarhóls og leggur fram 45 milljónir króna til þriggja ára eða 15 milljónir kr. á ári. Aðrir bakhjarlar Sjónarhóls eru Actavis hf, Landsbankinn, Össur hf., Pokasjóður, Hringurinn og Vífilfell hefur bæst í hópinn. Samtals hafa bakhjarlarnir undirritað fyrirheit að upphæð 30,3 milljónir króna eða 10,1 milljónir króna á ári til næstu þriggja ára.

### **Styrkur til ADHD coaching fjarnáms**

Kristjana B. Svansdóttir fékk styrk hjá samtökunum til að leggja stund á ADHD coaching fjarnám í USA. Sigríður Jónsdóttir eða Sirrý eins og hún er kölluð sem fékk styrk árið á undan til fjarnáms í ADHD coaching er nú í fullu starfi sem ADHD coach og vísa ADHD samtökin mikið á hana. ADHD coaching er stór þáttur í stuðningsneti fjölskyldna og fullorðinna með ADHD erlendis.

### **Styrktaraðilar**

Auk myndarlegra styrkveitinga frá Sparisjóðnum á árinu 2006 fengu samtökin styrk frá Janssen-Cilag, ÖBÍ, fjárlaganefnd ríkisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Forvarnasjóð, Pokasjóð, Iceland Express í formi flugfargjalda, Minningarsjóð Gunnars Thoroddsen, Velferðarsjóð barna vegna ADHD coaching námsstyrks, Glitni, Novartis og Alcan. Hjá Iceland Express hefur verið í gangi söfnun um borð í flugvélum fyrir ADHD samtökin, ekki er enn ljóst hversu mikið hefur safnast og mun bráðlega koma að afhendingu söfnunarféisins. Ekki má gleyma þeim fjölmörgu fyrirtækjum og aðilum sem styrkja útgáfu fréttabréfsins með styrktarlínunum og auglýsingum.

Öllum styrktaraðilum er þakkað fyrir stuðninginn og hlýhug til samtakanna. Öllum sem starfað hafa með einum eða öðrum hætti að verkefnum samtakanna er þakkað fyrir ómetanlegt starf í þágu barna og fullorðinna með ADHD og aðstandenda þeirra.

Ingibjörg Karlsdóttir formaður